



Framkvæmdum frestað

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur ákveðið að fresta framkvæmdum við nýjan leikskóla á Eyrinni í Neskaupstað og 3. áfanga Skólamiðstöðvarinnar á Fáskrúðsfirði. Ástaðuna má rekja til skorts á lánsfé og segja bæjaryfirvöld ekki annan kost í stöðunni. Helga Jónsdóttir, bæjarstýra Fjarðabyggðar, segir ákvörðunina erfða. Hins vegar verði stefnt að því að hefja framkvæmdir við leikskólann og Skólamiðstöðina eins fljótt og kostur er.



Innbrot á Reyðarfirði

Aðfaranótt sunnudags var brotist inn á tveimur stöðum á Reyðarfirði. Í söluskála Shell var einhverju stolið en því meira skemmt, svo sem sjóð- og lottóvélar, myndavélar og rúður voru brotnar. Þá var brotist inn á Fosshótel skammt frá og sjóðvél eyðilögð. Hugsanlegt er talið að sömu aðilar hafi verið á ferð í báðum tilfellum.

austur glugginn

Fréttablað Austfirðinga
Verð í lausasölu kr. 400
Fimmtudagur 23. október

42. tbl. - 7. árg. - 2008

Áskriftarverð kr. 1.140 á mánuði

ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

ÞÚ ERT Á GÓÐUM STAÐ

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is

SECURITAS

Landflutningar - Samskip
Kaupvangi 25
700 Egilsstaðir
Sími 458 8800
Fax 458 8808

Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:00-16:00

Landflutningar SAMSKIP

Á föstudag skrifuðu Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri Fljótshéraðs og Sveinn Óskar Sigurðsson stjórnarformaður Greenstone undir viljayfirlýsingu. Viljayfirlýsingin felur í sér að Fljótshérað er reiðubúið að útvega fyrirtækinu lóð undir netþjónabú í sveitarfélaginu og skipuleggja sem iðnaðarsvæði.

Vænlegur kostur

Fyrir forsvarsmönnum Greenstone voru kynntar mismunandi mögulegar staðsetningar undir starfseminu af hálfu sveitarfélagsins. Greenstone hefur lýst mestum áhuga á iðnaðarlóð við aðveitustöðina á Eyvindará. Viljayfirlýsingin felur ekki í sér skuldbindingar fyrir Greenstone, en fyrirtækið hefur nú nýverið lýst yfir áhuga á uppbyggingu netþjónabúa í fjórum öðrum sveitarfélögum. Í framhaldinu munu forsvarsmenn Greenstone á Íslandi kynna mögulegar staðsetningar á Íslandi í Bandaríkjunum fyrir rekstraraðilum og fjárfestum slíkra gagnavera. Greenstone myndi byggja upp aðstöðu fyrir slíka aðila og leigja svo áfram til reksturs.

Góðar vonir

Það liggur fyrir að þótt viljayfirlýsingin hafi verið undirrituð er hvergi nærri í höfn að netþjónabú verði byggt í sveitarfélaginu. Sveinn Óskar Sigurðsson segist vera bjartsýnn á framhald verkefnisins. „Við viljum ekki vekja fólki falskar vonir. Þetta lítur samt sem áður ágætlega út. Hvað varðar Fljótshérað þá eru þrír lykilkostir sem horft er til. Það er nálægð við tryggja raforku, aðgangur að kælivatni og lág tíðni jarðskjálfta. Ein aðalforsenda uppbyggingar gagnaveranna er sú að lagður verði nýr ljósleið-

ari milli Bandaríkjanna og Íslands til að tryggja hraða gagnaflutninga. Við munum kynna hugsanlegum sam-

>> Greenstone ehf. er í eigu TCN í Hollandi, GEO í Bandaríkjunum og Amicus Capital Invest á Íslandi. Áætluð stærð hvers gagnavers er um 10.000 fermetrar að stærð. Orkuþörf er 12-20 megawött. 40 störf geta skapast við slíkt gagnaver.

starfsaðilum þá staðsetningarkosti sem við höfum uppá að bjóða um miðjan nóvember.” segir Sveinn Óskar Sigurðsson stjórnarformaður Greenstone. Talið er að gagnaver af áætlaðri stærðargráðu gæti veitt um 20 manns atvinnu. Áætluð eru um 20 afleidd störf. Atvinnusköpun við hugsanlegt netþjónabú væri því nálægt fjórtíu ársverkum. Áður hefur Greenstone gert samninga við Landsvirkjun um útvegna á rafmagn, alls 50 megawöttum. Hvert gagnaver mun hafa 12-20 megawatta orkuþörf. Fyrir liggur að Greenstone hefur áhuga að byggja nokkur netþjónabú á Íslandi. Einnig hefur Greenstone undirritað viljayfirlýsingu við Farice um gagnaflutning til og frá Evrópu.

Upphaf verkefnisins á rætur sínar að rekja til Fjárfestingastofu sem starfar á vegum iðnaðarráðuneytisins. Í vinnu á þeirra vegum kom Fljótshérað fljótlega til greina sem ákjósanleg staðsetning fyrir netþjónabú. Sveitarfélagið lét vinna gögn og útvegaði upplýsingar sem óskað var eftir. Meðal annars var leitað til fagaðila sem skiluðu fullnum gögnum og upplýsingum.



Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri Fljótshéraðs og Sveinn Óskar Sigurðsson stjórnarformaður Greenstone handsala viljayfirlýsinguna á föstudag.

Sjáumst í Bónus á Egilsstöðum

Bónus býður betur!
Sama verð um allt land!

EKKERT BRUÐL



Afgreiðslutími í Bónus á Egilsstöðum

Mánudag til fimmtudags
12.00 til 18.30

EKKERT BRUÐL

Föstudag 10.00 til 19.30
Laugardag 10.00 til 18.00
Sunnudag 12.00 til 18.00

ALLTAF LÆGRA VERÐ!